Fréttabréf Árskóla - nóvember

12. nóvember 2026



Páll Óskar með nemendum Árskóla á bleika deginum við upphaf Skúnaskralls.

Það hefur verið líf og fjör í Árskóla undanfarnar vikur. Tæplega 400 nemendur tóku þátt í dansmaraþoninu og sýningar 8. og 9. bekkjar í Bifröst tókust afar vel. Fram undan eru árshátíðir miðstigs og mánudaginn 16. nóvember hefst akstur strætó á Sauðárkróki.

Dansað í sólarhring

Dansmaraþon 10. bekkjar fór fram 4. og 5. nóvember og tókst mjög vel. Allir bekkir skólans tóku þátt og nemendur í 10. bekk héldu dansinum gangandi í 24 klukkustundir. Þau voru til fyrirmyndar í dansinum, framkomu og umgengni. Við erum stolt af þeim.

Þetta var síðasta dansmaraþon Loga sem danskennara hjá okkur. Ingunn Margrét tekur við af honum og í ár stýrðu þau dansinum saman. Við þökkum Loga fyrir samstarfið í gegnum árin og bjóðum Ingunni Margréti velkomna til starfa.

Dansmaraþonið er árlegur viðburður og mikilvægur liður í fjáröflun 10. bekkinga fyrir skólaferðalag til Danmerkur og Svíþjóðar í vor. Kærar þakkir til danskennara, starfsfólks, foreldra og allra sem lögðu sitt af mörkum.



Frá dansmaraþoni 10. bekkjar í íþróttahúsinu.

Árshátíðir í Bifröst

Sýningar 8. og 9. bekkjar í Bifröst 10. og 11. nóvember tókust afar vel. Í Frumskógi hugans, leikriti 8. bekkjar, fengu áhorfendur að skyggnast inn í hugarheim Dagnýjar á fyrsta skóladeginum hennar í Árskóla. Nemendur í 9. bekk sýndu Með allt á hreinu og þar var engin rúta – heldur langferðabíll!

Nemendur beggja árganga voru sjálfum sér og sínum til sóma. Kærar þakkir til allra sem komu að undirbúningi og framkvæmd sýninganna.

Nú styttist í sýningar miðstigs. Dagana 24. og 25. nóvember sýnir 6. bekkur Í gegnum tíma og rúm og 7. bekkur sýnir SYNGDU. Fimmtudaginn 26. nóvember sýnir 5. bekkur Sirkus með öllu!





Nemendur í 6. bekk æfa leikritið Í gegnum tíma og rúm undir berum himni.

Strætó hefur akstur 16. nóvember

Strætó á Sauðárkróki hefur akstur mánudaginn 16. nóvember og ekur á skóladögum Árskóla út febrúar. Morgunferðin hefst í Háuhlíð kl. 7.50 og hringurinn tekur um 15 mínútur. Tímatöflu og viðkomustaði má finna á heimasíðu skólans og sveitarfélagsins.

Við biðjum foreldra að ræða við börnin sín um að ganga vel um í strætó og gæta að öryggi á leið til og frá biðstöðvum. Mikilvægt er að fara varlega og nota gangstéttir.

Dagur íslenskrar tungu

Mánudaginn 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu og fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Jónas smíðaði orð sem við notum enn í dag, meðal annars sjónauki og sporbaugur. Kannski leynast ungir Árskóla?

Nemendur í 7. bekk Árskóla lesa fyrir nemendur í Ársölum kl. 9.00–10.00 í tilefni dagsins.

Af skólasafninu og úr skólastarfinu

Bangsavika stendur yfir á skólasafninu 9.–13. nóvember. Nemendur í 1.–6. bekk fá að leggja til nafn á nýjum bangsa og giska á fjölda hlaupbangsa í krúsum.

Á Skúnaskralli fengum við góða gesti. Páll Óskar setti hátíðina með söng, Þórunn Rakel Gylfadóttir las upp og hélt ritsmiðju fyrir 5. og 6. bekk og Felix Bergsson las og söng fyrir nemendur í 1.–7. bekk. Í lok október var svo *hrekkjavaka* í skólanum með búningum, skreytingum og hryllilegum veitingum.

Í október fór 7. bekkur í skólabúðirnar á Reykjum og 9. bekkur fór í skólaferð til Reykjavíkur. Á dagskrá Reykjavíkurferðarinnar voru meðal annars heimsóknir í Þjóðminjasafnið og Eddu, keila og leiksýning í Þjóðleikhúsinu. Báðar ferðir tókust mjög vel.

Skólapúlsinn

Það er ánægjulegt að sjá í nýjustu niðurstöðum Skólapúlsins að nemendur í 6.–10. bekk upplifa að þeir séu í góðu sambandi við kennarana sína.

Könnunin er lögð fyrir fjórum sinnum á skólaárinu og verður næst lögð fyrir í desember. Starfsfólk mun fara yfir niðurstöðurnar.

Sjáum styrkleikann

Í nóvember og desember vinnum við með styrkleikann andlega vitund. Við beinum sjónum að sjálfsþekkingu, innri ró, þakklæti og því hvernig við sýnum öðrum umhyggju. Heima má til dæmis spyrja við kvöldmatarborðið hvað hafi glatt okkur í dag eða hverjum við gætum hjálpað á morgun.

Skólaráð

Skólaráð Árskóla fundaði 11. nóvember. Bæði nemendur og foreldrar eiga fulltrúa í ráðinu. Fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu skólans.

Munum eftir endurskinsmerkjunum

Nú er dimmt þegar börnin leggja af stað í skólann. Gott er að athuga hvort endurskinsmerki séu á úlpum og skólatöskum og sjáist vel.

Helstu viðburðir fram undan

16. nóvember – Dagur íslenskrar tungu. Upplestur 7. bekkjar í Ársölum kl. 9.00–10.00.

16.–19. nóvember – Þýskir kennarar og nemendur heimsækja Árskóla og taka þátt í skólastarfi með 9. og 10. bekk.

18. nóvember – Foreldrafræðslu- og kynningarfundur í 8. bekk kl. 17.00 í matsal.

24. og 25. nóvember – Árshátíð 6. og 7. bekkjar

26. nóvember – Árshátíð 5. bekkjar

27. nóvember – Friðarganga



14. desember – Lúsíuhátíð. Nemendur 6. bekkjar fara víða um bæinn og syngja Lúsíusöngva að venju.

18. desember – Stofujól og síðasti kennsludagur fyrir jól

Fyrir hönd starfsfólks Árskóla,
Kristján Bjarni, skólastjóri